

## REGLUR

### um verklag og form fyrir samráð eftirlitsstjórnvalda við mat á hæfi aðila til að fara með virka eignarhluti í lánastofnunum.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um samráðsferli eftirlitsstjórnvalda við mat á hæfi aðila til að fara með virka eignarhluti í lánastofnunum, sbr. VI. kafla laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

#### 2. gr.

##### *Samráð milli eftirlitsstjórnvalda við mat á hæfi aðila til að fara með virka eignarhluti.*

Um verklag og form fyrir samráð milli eftirlitsstjórnvalda við mat á hæfi aðila til að fara með virka eignarhluti í lánastofnunum fer eftir reglugerð (ESB) 2017/461, sbr. 3. gr.

#### 3. gr.

##### *Innleiðing reglugerða.*

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/461 frá 16. mars 2017 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sameiginlegar málsmeðferðarreglur, eyðublöð og sniðmát fyrir samráðsferli milli viðkomandi lögbærra yfirvalda vegna fyrirhugaðrar yfirtöku á virkum eignarhlutum í lánastofnunum eins og um getur í 24. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 77.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 57/2015, vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/461 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union): <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32017R0461>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 72, þann 17. mars 2017, bls. 57-65.

#### 4. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í e-lið 2. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, öðlast þegar gildi.

*Seðlabanka Íslands, 22. september 2021.*

**Ásgeir Jónsson**  
seðlabankastjóri.

**Rannveig Júníusdóttir**  
framkvæmdastjóri.